

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Þorlákshöfn Ölfusi



Dags eftirlits	20.11.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Laxabraut 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sverrir Rafn Valdemarsson	ÍSAT nr.	03.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu: Ársyfirliti og grænubókhaldi var ekki skilað inn fyrir 1. maí. Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlit fór fram.

Þrjár ábendingar komu fram í eftirlitinu:

- 1) Rekstraraðila var bent á að þó stöð sé tóm þá eigi að skila inn núllskýrslum.
- 2) Stofnunin bendir einnig á að þegar fiskeldisstöðin verður tekin í notkun aftur skal tilkynna eftirlitsaðila um það, sbr. gr.1.6 í starfsleyfi.
- 3) Rekstraraðila var bent á að bæta megi umgengina í kringum stöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfið tekur til seiðaeildis með allt að 900 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma að Laxabraut 5, Þorlákshöfn.

Boðað umfang eftirlitsins var:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
4. Áætlanir og viðbrögð
5. Umgengni og aðkoma lóðar

1. Ekkert frávik kom fram í síðasta eftirliti árið 2022. En tvær ábendingar voru settar fram er varðar gagnaskil og mælingar fyrir árið 2021 og minnt á að tilkynna skal til eftirlitsaðila þegar eldisstöðin er tekin í notkun aftur.

2. Áhættumat fyrir árið 2024 var kynnt fyrir fulltrúa rekstraraðila.

3. Rekstraraðili hefur sett sér umhverfismarkmið. Ársyfirliti og grænubókhaldi var ekki skilað inn fyrir 1. maí sl. Var rekstraraðili minntur á að þó að ekki sé fiskur kominn í stöðina þá eigi hann að skila inn núllskýrslu. Farið var yfir með rekstraraðila þær kröfur sem stofnunin gerir varðandi tilkynningar þegar rekstur hefst aftur í stöðinni.

4. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar. Trygging vegna bráðamengunar er til staðar og áætlun um meðhöndlun úrgangs.

5. Farið var í vettvangsferð til staðfestingar á því að stöðin sé tóm. Gengið var um stöðina því til staðfestingar ásamt því að umgengni var skoðuð. Miklar framkvæmdir eru í gangi. Rekstraraðila var bent á að bæta megi umgengi á svæðinu.

### Frávik frá

gr 4.4 í starfsleyfi.

### Lýsing á frávikum

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Engin núllskýrsla hefur skilað sér.

gr. 4.5 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar umhverfisupplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni fyrir 1. maí ár hvert. Engin núllskýrsla

hefur skilað sér.

#### ÁBENDINGAR

- 1) Rekstraraðila var bent á það að þó stöð sé tóm þá eigi að skila inn núllskýrslum.
- 2) Stofnunin bendir einnig á að þegar fiskeldisstöðin verður tekin í nokun aftur skal tilkynna eftirlitsaðila um það, sbr. gr.1.6 í starfsleyfi.
- 3) Rekstraraðila var bent á að bæta megi umgengina í kringum stöðina.

#### ANNAÐ

Rekstraraðili hefur fengið kvörtun frá bænum vegna umgengni í kringum stöðina er varðar grindverkið sem er ónýtt og liggur niðri á köflum.

Reykjavík, 10.12.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Auður Eyberg Helgadóttir